



Í Fellaskóla vinnum við samkvæmt uppeldisstefnunni Jákvæður agi (Positive Discipline). Jákvæður agi byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu.

Meginmarkmið okkar í Fellaskóla, með aðstoð aðferða Jákvæðs aga, er að nemendur fari frá okkur sem ábyrgir, virðingarfullir og úrræðagóðir þátttakendur í samfélaginu. Við leggjum því áherslu á gagnkvæma virðingu og samstarf og við erum lausnamiðuð.

**Samvinna borgar sig!**



Jákvæður agi er:

- að sýna góðvild og festu á sama tíma.
- að líta á mistök sem tækifæri til að læra.
- að leita lausna
- að vinna saman
- að upplifa að maður tilheyri
- að finna að tilvera manns hafi þýðingu

Hugmyndafræði Jákvæðs aga fléttist saman við allt starf okkar í Fellaskóla auk þess sem allir bekkir hittast einu sinni í viku í 40 mín. á bekkjarfundi þar sem mál eru rædd og nemendur vinna verkefni í tengslum við Jákvæðan aga, þar má nefna bekkjarsáttmála, hlutverkaskipan, lausnahjól og griðarstaði.

Skólareglur og viðbrögð við hegðun Fellaskóla byggja á hugmyndafræði Jákvæðs aga, þær má kynna sér nánar hér: <http://fellaskoli.is/skolareglur/>

Nánari upplýsingar um Jákvæðan aga:

<https://www.positivediscipline.com/>

## JÁKVÆÐUR AGI

Byggir á gagnkvæmri virðingu og samstarfi

